

**Útboð fjarskiptasjóðs og tíðniúthlutun,
ef sigurvegari útboðsins hefur ekki tíðniheimild**

Yfirlýsing frá PFS

23.04.2008

1 Útboð fjarskiptasjóðs vegna háhraðanettengingar

Ríkiskaup, fyrir hönd Fjarskiptasjóðs, hafa óskað eftir tilboðum í uppbyggingu háhraðanettenginga – sjá útboð nr. 14121: Háhraðanettengingar á www.rikiskaup.is

Verkefnið felur í sér stuðning vegna viðbótarkostnaðar við uppbyggingu á háhraðanettengingum á skilgreindum stöðum, þ.e. lögheimilum með heilsársbúsetu og fyrirtækjum með starfsemi allt árið þar sem háhraðanettengingar eru hvorki í boði né fyrirhugaðar á markaðslegum forsendum

Um er að ræða verkefni sem tryggir íbúum á ofangreindum svæðum háhraðanettengingar og tilheyrandi þjónustu til ársins 2014 hið minnsta.

Tilboð verða metin út frá m.a. hraða uppbyggingar, gagnaflutningshraða og tilboðsfjárhæð. Frestur til að skila inn tilboðum er til kl. 11:00 fimmtudaginn 31. júlí 2008.

2 Skilmálar í útboði varðandi tíðnir

Í útboðsgögnum segir m.a.:

"Bjóði seljandi upp á aðgangstengingu um þráðlaust samband þá skal tíðni sem kerfið notar á aðgangnetinu vera úr úthlutuðu tíðnibandi. Seljandi skal því hafa yfir að ráða tíðnileyfi útgefnu af Póst- og fjarskiptastofnun. Tíðnileyfi er ekki úthlutað í tengslum við eða sem hluti af þessu útboði."

Skv. ofanrituðu er ekki skilyrði að bjóðandi hafi tíðniheimild, þegar hann leggur inn tilboð, en hann verður að sjálfsögðu að hafa tíðniheimild til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar, ef hann vinnur útboðið. Undirritun samnings við slíkan bjóðanda verður væntanlega háð því að hann geti sýnt fram á tíðniheimild, sem sé í samræmi við tilboð hans.

3 Vilyrði PFS fyrir tíðniheimild

Fyrirspurn hefur borist til Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) frá væntanlegum bjóðanda, sem ekki hefur tíðniheimild á því tíðnisviði, sem hann hyggst byggja tilboð sitt á. Spurt var hvort og þá með hvaða skilyrðum PFS myndi gefa út tíðniheimild til bjóðanda, sem hefði að mati Fjarskiptasjóðs lagt fram hagstæðasta tilboðið, ef bjóðandi hefði gert þann fyrirvara að tíðniheimild fyrir því tíðnisviði, sem tilboðið byggði á, væri ekki fyrir hendi, en að tíðniheimildar yrði aflað hjá PFS, áður en samningur við Fjarskiptasjóð yrði undirritaður.

PFS telur óæskilegt að einungis þeir, sem eru handhafar nauðsynlegra tíðniheimilda, geti sent inn tilboð í útboði Fjarskiptasjóðs. Því lýsir stofnunin því yfir að hún muni gefa út tíðniheimild til sigurvegara útboðsins, ef hann hefur ekki tíðniheimild fyrir öllu eða hluta þess tíðnisviðs, sem tilboð hans byggist á, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- Notkun tíðnisviðsins er í samræmi við tíðniskipulag PFS
- Tíðnisviðið er ekki hluti af og hefur ekki áhrif á gildandi tíðniheimildir.
- Engir tæknilegir annmarkar að mati PFS koma í veg fyrir úthlutun.
- Tíðniheimildin verði takmörkuð við þá staði, sem skilgreindir eru í útboðslýsingu fjarskiptasjóðs
- Stærð tíðnisviðsins verður ákveðin af PFS og tekur mið af þeirri þjónustu, sem boðin verður.

4 Tíðnisvið

Yfirlýsing þessi er ekki bundin við tiltekið tíðnisvið, ef skilyrði í 3. kafla eru uppfyllt.

Þó þykir rétt að gera sérstaklega grein fyrir tíðnisviðinu 3.400-3.600 MHz, þ.e. tíðnisviði því sem PFS bauð út árið 2006 fyrir háhraða aðgangsnét.

Núverandi tíðniheimildir fela í sér heimild til notkunar á 28 MHz (2 x 14 MHz.) bandbreidd á hverju svæði. Veita má þó heimild til notkunar á 14 MHz (2 x 7 MHz) til viðbótar án auglýsingar. Skilyrði fyrir viðbótarúthlutun eru þau að tíðnirétthafi geti sýnt fram á með fullnægjandi hætti að dómi PFS að þörf sé á frekari tíðniheimild á tilteknu svæði umfram þau 28 MHz (2 x 14 MHz), sem upphafleg tíðniheimild nær til. Eftirfarandi skilyrði eru forsenda viðbótar úthlutunar:

- a) Sýnt verði fram á að aukin tíðniheimild muni leiða til betri og hagkvæmari þjónustu.
- b) Tíðnisvið sé laust til ráðstöfunar á viðkomandi svæði
- c) Engir tæknilegir annmarkar séu því til fyrirstöðu að mati PFS.

PFS mun taka mið af ofangreindum atriðum við ákvörðun á stærð tíðnisviðsins, ef sigurvegari útboðsins hefur byggt tilboð sitt á notkun tíðnisviðsins 3.400-3.600 MHz.

Yfirlýsing þessi nær ekki til eftirfarandi tíðnisviða:

880-915 / 925-960 MHz (GSM 900)

1710-1785 / 1805-1880 MHz (GSM 1800)

1900-1980, 2010-2025, 2110-2170 MHz (UMTS)